

Minnisblað um kröfur UEFA/FIFA til Laugardalsvallar

Reykjavík 4. mars 2018

Laugardalsvöllur er í 3. flokki (af 4 flokkum) samkvæmt flokkunarkerfi knattspyrnuleikvanga UEFA. Aðrir leikvöllir á Íslandi eru í flokkum 1 og 2.

Samkvæmt mótisreglum UEFA og FIFA skulu landsleikir í Þjóðadeild UEFA og undankeppnum EM og HM fara fram á leikvöllum í flokki fjögur. Séu slíkir vellir ekki tiltækir er heimilt að leika leikina á velli í flokki 3. (s.br. UNL 26.01). Leikir í umspili og riðlakeppnum Meistaradeildar og Evrópuþeildar skulu fara fram á völlum í flokki fjögur.

Þrátt fyrir að vera settur í þriðja flokk af UEFA stenst Laugardalsvöllur ekki allar þær kröfur sem gerðar eru til leikvalla í þeim flokki. Þar má nefna:

- Leikflötin er ekki slétt og undir hana vantar hitalagnir.
- Búningsklefar liða
 - Vantar eitt salerni hvorn
 - 25 geta ekki setið í sama rými
- Búningsklefi dómara
 - Er of lítill og vantar aðra sturtu
- Lyfjaeftirlitsherbergi
 - Er of lítið
- Aðskilnaður stuðningsmanna aðkomuliðs er ekki varanlegur og er ófullnægjandi og ekki alltaf öruggur. Þá er hvorki salernisaðstaða né veitingasala fyrir þessa stuðningsmenn sem stenst reglur UEFA eða FIFA.
- Lýsing við innkomu á völlum (utan girðingar) og nánasta umhverfi er ófullnægjandi.
- Sjónvarpsstúdíó eru of lítil
- Aðstöður fyrir lýsendur sjónvarp og útvarps eru fjórar en þurfa að vera fimm (hægt að fjölga með því að ganga á fjölda skrifandi blaðamanna)
- Aðgangshlið (turnstiles) eru ekki til staðar.

Þau atriði til viðbótar ofangreindu sem þyrfti til að völluminn kæmist í fjórða flokk UEFA eru að minnsta kosti:


- Vinnuaðstaða blaðamanna þarf að rúma 30 skrifandi blaðamenn
- Vinnuaðstaða þarf að vera fyrir 20 ljósmyndara
- Aðalmyndavélapallurinn þarf að vera 6 m² með pláss fyrir 3 sjónvarpsmyndavélar
- Myndavélapall í austurstúku fyrir gagnstæða myndavél (reverse camera)
- Blaðamannastúka þarf að rúma 60 í sæti og þarf af 30 með borð.
- 10 aðstöður fyrir lýsendur útvarps og sjónvars
- Blaðamannafundarherbergi þarf að rúma 8 myndavélar á upphækkuðum palli.

Kostnaður.

Kostnaður við nýja leikflöt með hita og vökvunarkerfi var áætlaður 122 milljónir í ársbyrjun 2015. Jafnframt því þyrfti þá að endurbyggja og leggja nýja hlaupbraut og sá kostnaður við það verk metinn 140 milljónir (Verkis febrúar 2015).

Kostnaður við nýtt fyrirkomulag búningsklefa í kjallara var áætlaður um 40 milljónir í desember 2015, þá var gert ráð fyrir að breyta fundarherbergi í kjallara í búningsklefa fyrir dómara og nýta núverandi dómaraklefa til að stækka búningsklefa liðanna um leið og þeir yrðu endurhannaðir (BJSnæ Arkitektar). Í því tilfalli þarf að setja upp aðstöðu fyrir blaðamannafundi í skýlmingasal fyrir hvern leik með tilheyrandi kostnaði og röskun á starfi skýlmingafólks.

Kostnaður við úrbætur á sjónvars og blaðamannaaðstöðu hefur ekki verið metinn né heldur ýmiss annar kostnaður sem verður að fara í til að völlumurinn standist kröfur UEFA og FIFA s.s. aðgangshlið í vestur og austurstúku og veitinga og salernisaðstaða við austurstúku.



Gunnar Gylfason

Landsliðsmál KSÍ